

## **BORGARRÁÐ 17. ágúst 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðgerðir 3.2 og 3.3 í aðgengisstefnu borgarinnar – MSS22010199**

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvað aðgerðir 3.2 og 3.3 í Aðgengisstefnunni eru staddar í borgarkerfinu?: Aðgerð 3.2: Gefnir séu út gátlistar um aðgengismál á viðburðum sem berist sviðum og starfsstöðum borgarinnar. Markmið 3.2: 10-15 viðburðum verði fylgt eftir með könnunum á framkvæmd og að 75-90% viðburða hafi nýtt gátlista. Ábyrgð: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa í samstarfi við velferðarsvið, umhverfis- og skipulagssvið og þjónustu- og nýsköpunarsvið. Aðgerð 3.3: Skipulagning stærri viðburða í borginni sem fela í sér lokanir gatna og verulegt inngrip í leiðakerfi almenningsgangna fari fram í samráði við aðgengis- og samráðsnefnd borgarinnar og eftir atvikum einnig önnur hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Ábyrgð: Menningar- og ferðamálasvið.